

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 25/1998.

Anton Jónsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Ógilding stjórnvaldsúrskurðar. Gildistaka laga. Frávísun skaðabóta-kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 12. janúar 1998. Hann krefst þess, að ógiltur verði úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins 18. október 1996, þar sem synjað var umsóknar hans um leyfi til að stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi á bát sínum, Þorgrími, SK 26. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.000.000 króna í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. apríl 1997 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fjárkröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Aðila málsins greinir á um, hvenær ákvæði laga nr. 105/1996 um breytingar á lögum nr. 38/1996 um stjórn fiskveiða hafi öðlast gildi. Í 8. gr. þeirra segir, að „lög þessi öðlast gildi 1. september 1996 nema ákvæði 2. gr., sem öðlast þegar gildi“. Stefndi heldur því fram, að skilja beri orðalag 2. mgr. 3. gr. laganna svo, að ákvæðið hafi tekið gildi við birtingu þeirra, að öðrum kosti hafi þau verið marklaus. Á þetta féllst héraðsdómur. Áfrýjandi telur á hinn bóginn, að þetta ákvæði hafi ekki öðlast gildi fyrr en 1. september 1996.

Lög nr. 105/1996 voru birt 27. júní 1996, og samkvæmt 7. gr. laga

nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda tóku þau gildi samkvæmt orðum sínum áðurnefndan 1. september 1996.

Með framangreindum úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins 18. október 1996 var staðfestur úrskurður Fiskistofu 17. júlí 1996 um efni, sem lög nr. 105/1996 tóku til, eins og nánar greinir í héraðsdómi. Þau lög höfðu þá ekki tekið gildi, svo sem áður segir. Er ekki unnt að fallast á, að frestur í þeim, sem rann út fyrir gildistöku laganna, geti haft réttaráhrif með þeim hætti, sem kveðið er á um í úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins. Ber því að ógilda úrskurðinn.

Skaðabótakrafa áfrýjanda er reist á því, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna ólögmætrar synjunar sjávarútvegsráðuneytis um leyfi til að stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Tjón sitt telur hann vera „vegna tapaðrar aflavonar allt frá byrjun fiskveiðiárs 1. september 1996 til þess, að dómur gekk í héraði“. Til stuðnings bótafjárhæð lagði áfrýjandi fram undir rekstri málsins í héraði yfirlit frá Fiskifélagi Íslands um þorskafla smábáta með línu og færi fiskveiðiárin 1996 og 1997 ásamt upplýsingum um meðalverð á þorski þann tíma. Á grundvelli þessara upplýsinga telst áfrýjanda svo til, að meðalaflaverðmæti sambærilegra báta og báts áfrýjanda á veiðum samkvæmt sóknardagakerfi hafi þessi ár numið allt að 4.400.000 krónum. Bótafjárhæðinni sé því mjög í hóf stillt.

Framangreind gögn til stuðnings skaðabótakröfu áfrýjanda eru ekki viðhlítandi grundvöllur þess, að dómur verði lagður á hana. Þykir hún svo vanreifuð, að vísa beri henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins 18. október 1996 um, að krókabáturinn Þorgrímur, SK 26, skuli stunda veiðar með þorskaflahámarki fiskveiðiárið 1996–1997, er ógildur.

Skaðabótakröfu áfrýjanda er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Antoni Jónssyni,

250.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Antoni Jónssyni, kt. 270442-2189, Heiðarbrún 11, Keflavík, gegn Þorsteini Pálssyni sjávarútvegsráðherra, kt. 291047-5679, f. h. sjávarútvegsráðuneytisins og Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra, kt. 1810443-4669, f. h. ríkissjóðs með stefnu, sem birt var 21. mars 1997.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Ógiltur verði með dómi úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 18. október 1996, þar sem hafnað var umsókn stefnanda um að fá að stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi á bátnum Þorgrími, SK-26.

2. Ríkissjóður verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 króna í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þingfestingardegi til greiðsludags.

3. Ríkissjóður verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað auk virðisaukaskatts og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar á skaðabótakröfu stefnanda og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

I.

Málavextir eru þessir helstir:

Með bréfi Fiskistofu, dags. 10. júní 1996, var stefnanda tilkynnt, að 5. þess mánaðar hefðu á Alþingi verið samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Þar er kveðið á um, að frá og með því fiskveiðiári, sem hefjist 1. september 1996, skuli útgerðarmenn svokallaðra krókabáta velja milli þess að stunda veiðar með „þorskaflahámarki“ og þess að stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga. Í bréfinu eru skilgreindar forsendur laganna og hvað átt sé við með orðum þeirra, s. s. þorskaflahámarki, sóknardögum, sóknardögum með handfæri og línu og sóknardögum með handfæri eingöngu. Í bréfinu segir, að menn geti valið milli þriggja veiðikerfa: A. þorskaflahámarks, B. sóknardaga með handfærum og línu, C. sóknardaga með handfærum eingöngu. Þá segir, að útgerðir krókabáta skuli tilkynna Fiskistofu skriflega fyrir 1. júlí 1996, hvert

þessara veiðikerfa þær velji, og velji útgerð ekki fyrir 1. júlí 1996, verði bátnum ákvarðað þorskaflahámark og sú ákvörðun sé bindandi til fram-búðar.

19. júní 1996 voru lög nr. 105/1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum staðfest af forseta Íslands. Þar segir í 8. gr., að lög þessi öðlist gildi 1. september 1996 nema ákvæði 2. gr., sem öðlist þegar gildi. Lögin eru birt í Stjórnartíðindum 27. júní 1996.

Stefnandi ritaði á svokallað valblað fyrir krókabáta, sem gefið var út af Fiskistofu, að hann veldi þann kost að stunda veiðar sóknardaga með hand-færi og línu. Bréfið var afhent Fiskistofu 4. júlí 1996, og lét stefnandi þær at-hugasemdir fylgja, að hann hefði verið erlendis „í sumarleyfi nákvæmlega þann tíma, frá því bréfið er dagsett (10. júní 1996, – innskot dómsins) og þangað til umsóknarfrestur rann út“.

Fiskistofa svaraði erindi stefnanda með úrskurði, dags. 17. júlí 1996, en þar segir m. a.: „Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 ..., er kveðið á um, að eigendur krókabáta hafi frest til 1. júlí 1996 til að tilkynna Fiskistofu um val milli þess að stunda veiðar með þorskafla-hámarki, sóknardögum með handfæri og línu eða sóknardögum með hand-færum eingöngu. Þar er jafnframt kveðið á um, að velji eigandi ekki fyrir tilskilinn tíma, skuli bátur hans stunda veiðar með þorskaflahámarki. – Fiskistofu var tilkynnt um val á sóknardögum með handfæri og línu fyrir mb. Þorgrím, SK 26 (9820), 4. júlí 1996. Ofangreindur frestur var þá liðinn. Fiskistofa hefur enga heimild til að taka tillit til einstaklingsbundinna ástæðna, sem kunna að hafa leitt til, að ekki var tilkynnt um val fyrir ein-staka krókabáta innan frestsins. – Með vísan til þess, sem að framan er rak-ið, úrskurðar Fiskistofa, að krókabáturinn Þorgrímur, SK 26 (9820), skuli stunda veiðar með þorskaflahámarki“.

Stefnandi kærði úrskurð Fiskistofu til sjávarútvegsráðherra með bréfi, sem dagsett er 19. ágúst 1996. Þar segir m. a., eftir að gerð hafði verið grein fyrir aðdraganda málsins: „Anton krefst þess, að úrskurði Fiskistofu verði hrundið og val hans á veiðiheimildum tekið til greina. – Anton reisir kröfu sína á því, að fyrirmæli Fiskistofu í bréfi, dags. 10. júní, eigi sér ekki laga-stoð og fari því gegn lögmætisreglum stjórnsýslunnar, en l. nr. 105/1996 voru ekki samþykkt af forseta fyrr en 19. júní sl. og höfðu því ekki lagagildi, er fyrirmæli Fiskistofu voru gefin, sbr. 26. gr. stjkskr. nr. 33/1944. Þá voru lögin ekki birt fyrr en 27. júní, og mátti því ekki beita þeim fyrir þann tíma, sbr. 7. gr. l. nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda. Skv. ofangreindu ber að hnekkja úrskurði Fiskistofu, enda er hann byggður á fyrrgreindum fyrirmælum, sem eru markleysa. Þá eiga lög nr. 105/1996, sem úrskurðurinn

er reistur á, ekki að öðlast gildi fyrir en 1. september næstkomandi, sbr. 8. gr. laganna, og gat Fiskistofa því ekki skert atvinnuréttindi Antons með vísan til þeirra.“

Sjávarútvegsráðuneytið svaraði kæru stefnanda með úrskurði, sem dags. er 18. október 1996. Rökstuðningurinn er svohljóðandi: „Eins og að framan er rakið, voru fyrirmæli Fiskistofu gefin út 10. júní 1996, en lög nr. 105/1996, sem fyrirmælin byggðust á, voru birt 27. júní. Skyldi vali smábáta um veiðikerfi lokið fyrir 1. júlí 1996 samkvæmt 2. gr. laganna (sic). Með hliðsjón af þessu verður að telja, að lögin hafi rennt fullnægjandi stoðum undir fyrirmæli Fiskistofu, þegar þau voru birt lögformlega, áður en frestur til að velja samkvæmt þeim rann út 1. júlí sl., enda þótt skammur tími hafi liðið frá birtingu laganna og þar til vali skyldi lokið. – Um gildistöku laga nr. 105/1996 skal tekið fram, að meginmarkmið laganna er að koma á þeim þremur kerfum við veiðar smábáta, sem orðuð er í 2. gr. (sic). – Lögin byggjast á því, að útgerðarmenn krókabáta velji milli veiða annars vegar með þorskaflahámarki og hins vegar veiði í tiltekinn fjölda sóknardaga með tveimur kerfum. Samkvæmt ótvíræðu orðalagi 2. gr. (sic) skal þessu vali vera lokið 1. júlí 1996. Einnig er tekið skýrt fram, að þeir útgerðarmenn, sem ekki tilkynna val sitt Fiskistofu, skulu sjálfkrafa fara á veiðar með þorskaflahámarki. Frá byrjun fiskveiðiársins, sem hófst 1. september, átti því að stunda veiðar samkvæmt ofangreindum kerfum í samræmi við val útgerðarmanna, sem þeir höfðu tilkynnt fyrir 1. júlí 1996. Liggur í augum uppi, að þau skýru sérákvæði um undirbúning gildistöku laganna, sem fram koma í 2. gr. (sic), ganga framar almennu ákvæði 4. gr. laganna (sic), enda er ljóst, að þessum undirbúningi er ætlað að vera lokið fyrir upphaf fiskveiðiárs 1. september sl., ella væru lögin óframkvæmanleg á þeim tíma. Við setningu fjölmargra laga hefur sami háttur verið hafður á og við setningu laga nr. 105/1996, þ. e., að gert er ráð fyrir, að einstakir þættir til undirbúnings gildistöku efnisatriða laganna komi til framkvæmda, áður en sú skipan, sem lögin mæla fyrir um, tekur fullt gildi. Skýrt orðalag 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 (sic) og lögin að öðru leyti og athugasemdir við þau veita ótvíræða niðurstöðu í þessu efni. Verður því ekki á það fallist, að lagastof hafi skort fyrir reglum þeim, sem Fiskistofa setti um val krókabáta, og úrskurði Fiskistofu skv. bréfi, dags. 17. júlí 1996.“

Úrskurðarorð sjávarútvegsráðuneytisins er svohljóðandi: „Með vísan til 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 staðfestir sjávarútvegsráðuneytið úrskurð Fiskistofu þess efnis, að krókabáturinn Þorgrímur, SK-26, skuli stunda veiðar með þorskaflahámarki fiskveiðiaríð 1996/1997.“

II.

Stefnandi reisir kröfu sína um ógildingu úrskurðar sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 18. október 1996, þar sem hafnað var umsókn stefnanda um að fá að stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi á bátnum Þorgrími, SK-26, á því, að boð þau, sem Fiskistofa lét út ganga með bréfi til stefnanda 10. júní 1996, hafi skort lagastoð. Vísar stefnandi til þess, að lögin, sem fyrir-mælin eru reist á, hafi tekið gildi 1. september 1996 skv. 8. gr. laganna. Þá hafi lögin ekki verið staðfest af forseta fyrr en 19. júní 1996 og ekki birt fyrr en 27. sama mánaðar. Stefnandi vísar og í þessu sambandi til 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda.

Stefnandi bendir á, að lög nr. 105/1996 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða hafi ekki verið birt fyrr en 27. júní 1996, og hafi því í fyrsta lagi verið unnt að beita þeim daginn eftir. Stefnandi telur, að frestur, sem sér hafi þannig verið veittur, þ. e. tveir dagar, til að taka ákvörðun um afkomu sína, verði að teljast of skammur. Þá vísar stefnandi til þess, að eðlileg atvik hafi valdið því, að sér var ómögulegt að velja veiðikerfi innan tilskipaðs frests. Stefnandi telur, að Fiskistofu hefði verið útlátalaust að verða við ósk sinni um að fá að stunda veiðar sóknardaga með handfæri og línu, enda þótt hann hefði ekki fyllt út valblað fyrir krókabáta fyrr en 4. júlí 1996.

Stefnandi styður skaðabótakröfu sína því, að synjun Fiskistofu um að taka tillit til óska sinna um veiðikerfi hafi valdið sér tjóni. Og þar sem sér hafi verið synjað um að stunda veiðar sóknardaga, hafi veiðiheimildir sínar verið takmarkaðar við 151 kg þorskaflahámark, sem sé langt undir veiðigetgu bátsins og hamli, að hann verði gerður út í atvinnuskyni. Synjun Fiskistofu og staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á þeirri ákvörðun telur stefnandi hafa skert aflahæfi og atvinnumöguleika sína með verulegum hætti; ákvörðun Fiskistofu hafi ekki verið reist á lögmatum grunni, og beri því stefndu að bæta tjón stefnanda.

Lagastoð fyrir bótakröfu kveðst stefnandi sækja til almennu skaðabóta-reglunnar og almennra sjónarmiða um bótaábyrgð ríkisvaldsins.

III.

Stefndu halda því fram, að úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins sé lög-mætur. Úrskurðurinn hafi staðfest þá niðurstöðu Fiskistofu frá 17. júlí 1996, að bátur stefnanda skyldi stunda veiðar með þorskaflahámarki. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/1990, sbr. 3. gr. laga nr. 105/1996, séu afdráttarlaus um það, að eigandi krókabáts skuli stunda veiðar með þorskaflahámarki, hafi hann ekki tilkynnt val sitt um annað fyrir 1. júlí 1996.

Stefndu benda á, að ákvörðun Fiskistofu að synja stefnanda um að

stunda veiðar með handfæri og línu sóknardaga, þar sem stefnandi hafði ekki tilkynnt það val sitt fyrir 1. júlí 1996, hafi verið tilkynnt stefnanda með bréfi 17. júlí 1996, eftir að lög nr. 105/1996 höfðu verið birt 27. fyrra mánaðar. Ákvörðun Fiskistofu hafi þannig haft fulla lagastoð.

Stefndu telja, að gildistökuákvæði laga nr. 105/1996 beri ekki einungis að meta á grundvelli 8. gr. laganna, heldur einnig eftir þeim orðum 3. gr. þeirra, að eigandi krókabáts skuli tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Verði að telja, að 3. gr. laganna hafi að þessu leyti gengið framur almennum ákvæði 8. gr. þeirra um gildistöku þeirra, en 1. september 1996 hefðu efnisákvæði 3. gr. komið til framkvæmda. Þótt ekki sé tekið berum orðum fram, að þessi ákvæði laganna skyldu taka gildi við birtingu þeirra, telja stefndu það leiða af rökbundinni nauðsyn, að lögin tækju gildi með þessum hætti, enda hafi það vafalaust verið vilji löggjafans. Gildistökuákvæði laganna í 8. gr. hefði verið bundið við það, hvenær lögin kæmu til framkvæmda, þ. e. 1. september, þegar nýtt fiskveiðiár byrjar, svo sem tíðkað hefði verið í lagasetningu um stjórn fiskveiða.

Stefndu segja, að lög nr. 105/1996 hafi verið samþykkt 5. júní 1996. Fiskistofa hafi með bréfi 10. sama mánaðar viljað vekja athygli stefnanda á efni hinna nýsamþykktu laga. Í bréfinu sé engin fyrirmæli eða ákvarðanir að finna, heldur kunngerir það, hvernig fara muni um úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum. Tilgangur bréfsins hafi verið sá að tilkynna efni nýrra reglna til að auðvelda Fiskistofu og útgerðarmönnum undirbúning komandi fiskveiðiárs. Þannig hafi Fiskistofa umfram lagaskyldu veitt stefnanda rúm-an frest, þótt lögin hefðu þá ekki verið formlega birt. Bréfi Fiskistofu hafi einnig fylgt valblað fyrir veiðikerfi, sem stefnandi fyllti út 4. júlí 1996 og barst Fiskistofu sama dag.

Stefndu hafna því, að dvöl stefnanda erlendis leiði til þess, að stefnandi eigi ekki að sæta frestsákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996, enda verði birtum lögum beitt gegn hverjum, sem er, hvort sem þeir þekki þau eða ekki.

Stefndu hafna því, að atvinnuréttindi stefnanda hafi verið skert með ólögmætum hætti eða réttur hans skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 með síðari breytingum séu skýr og til almannaheilla. Stefndu telja einnig, að miðað við aflareynslu stefnanda undanfarin ár á bátnum Þorgrími séu hverfandi líkur á, að stefnandi hafi raunverulega haft atvinnu af veiðum á bátnum; aflareynsla hans bendi frekar til þess, að um tómstundaveiðar hafi verið að ræða. Og þá er heimildir og tækifæri krókabáta á þorskaflahámarki samkvæmt lögum nr. 38/1990 séu virt í heild, verði ekki séð, að atvinnuréttindi stefnanda hafi verið skert með því að

hafna ósk hans um að veiða sóknardaga með handfæri og línu, en gera honum þess í stað að stunda veiðar með þorskaflahámarki.

Stefndu mótmæla bótakröfu stefnanda. Stefndu hafi ekki valdið stefnanda tjóni með saknæmum eða ólögumætum hætti, og þá skorti orsakatengsl milli ákvarðana, er stefndu beri ábyrgð á, og ætlaðs tjóns stefnanda. Stefndu mótmæla sem röngu og ósönnuðu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af þeirra völdum.

Stefndu gera varakröfu um stórfellda lækkun á bótakröfu stefnanda, verði hún dæmd að álitum, en krafa stefnanda, eins og hún liggi fyrir, hafi ekki verið rökstudd.

Stefndu mótmæla dráttarvaxtakröfu stefnanda og telja, að upphafstíma dráttarvaxta beri að miða við dómsuppkvaðningu, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

IV.

Niðurstaða.

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 um breyting á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða segir m. a.: „Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því, sem hefst 1. september 1996, kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar tiltekinn fjölda sóknardaga eftir annarri hvorri þeirri aðferð, sem nánar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. . . . Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma, skal bátur stunda veiðar á þorskaflahámarki. . . .“ 8. gr. sömu laga er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996 nema ákvæði 2. gr., sem öðlast þegar gildi“. (2. gr. er svohljóðandi: „Við 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema bátur komi í stað báts, sem hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns.“) Eftir orðanna hljóðan er ekki samræmi milli 8. gr. laganna um gildistöku þeirra og 2. mgr. 3. gr. laganna um, að eigandi krókabáts skuli tilkynna val sitt fyrir 1. júlí 1996.

Í 7. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda segir: „Fyrirmælum, er felast í lögum, . . ., má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína“.

Fallist er á með stefndu, að skilja beri orðalag 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 þannig, að ákvæðið hafi tekið gildi við birtingu laganna 27. júní 1996; að öðrum kosti væru þau marklaus. Frá og með 27. júní til 1. júlí 1996 eru

fjórir dagar. Og enda þótt frestur fyrir stefnanda til að tilkynna um val sitt hafi þannig að sönnu verið naumur, verður umdeildum stjórnvaldsúrskurði ekki hnekkð á þeirri forsendu. Vera stefnanda erlendis 10. júní til 1. júlí 1996 getur ekki haggð þeirri ályktun.

Samkvæmt framangreindu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndu, sjávarútvegsráðuneytið og ríkissjóður, eru sýknir af kröfum stefnanda, Antons Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.
